

Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 3. apríl 2025

Mál nr. S-30/2025:

Lögrelustjórinn á Vestfjörðum

(Kristján Óskar Ásvaldsson saksóknarfulltrúi)

gegn

Daníel Arnari Einarssyni

og **X**

(Guðmundur Narfi Magnússon lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 31. mars sl., var höfðað með ákæru lögrelustjórans á Vestfjörðum 14. mars sl. á hendur Daníel Arnari Einarssyni, kt. [...] og X, kt. [...], fyrir eftirfarandi fíkniefnalagabrot, framin í Súðavíkurbreppi:

I.

Á hendur ákærða Daníel Arnari, fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, með því að hafa snemma morguns mánudaginn 3. apríl 2023, í sölu- og dreifingarskyni, haft í vörslum sínum eftirtalin fíkniefni sem fundust við leit lögreglu á þáverandi heimili ákærða að [...]:

Maríhúana	172,9 g	Efnaskrárn. 51200
Amfetamín	1,69 g	Efnaskrárn. 51201
Kannabislauf	132,87 g	Efnaskrárn. 51201
Kannabisstönglar	46,69 g	Efnaskrárn. 51201
Alprazolam Krka	58 stk.	Efnaskrárn. 51201
Concerta	1 stk.	Efnaskrárn. 51201
MDMA	53 stk.	Efnaskrárn. 51201
Mogadon	3 stk.	Efnaskrárn. 51201
Stilnoct	10 stk.	Efnaskrárn. 51201

Í ákæru er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001.

Þess er krafist að framangreind efni verði gerð upptæk auk 729,18 g af óskilgreindu efni, 13 stykkja af óskilgreindum töflum og 23 stykkja af læknislyfjum, sbr. efnaskrárn. 51201, sem hald var lagt á, allt með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 (mál nr. 312-2023-1216).

II.

Á hendur ákærða Daníel Arnari og ákærða X fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa snemma morguns mánudaginn 26. mars 2024 haft í vörslum sínum fíkniefni í sölu- og dreifingarskyni sem ákærði Daníel Arnar hafði flutt til Vestfjarða frá Reykjavík í vörubifreiðinni [...], sem stöðvuð hafi verið af lögreglu í þorpinu á Súðavík en í bifreiðinni og á heimili Daníels Arnars hafi fundist fíkniefni og einnig í húsnæði björgunarsveitarinnar [...], sem ákærði X hafi flutt úr vörubifreiðinni síðar sama dag og falið þar inni samkvæmt beiðni ákærða Daníels Arnars í SMS-skilaboðum. Öll þessi efni hafi Daníel Arnar flutt í nefndri bifreið samkvæmt ákærinni og þar eru sögð hafa fundist 9,82 g af amfetamíni, 9,87 g ketamíns, 10 ml af kannabisblönduðum vökva, 50 stykki MDMA og 24 stykki læknislyfja. Í húsnæði björgunarsveitarinnar hafi fundist 288,1 g af marihúana sem ákærði X hafi flutt þangað. Á heimili Daníels Arnars að [...], hafi auk þess fundist 0,28 g af amfetamíni og 2,22 g af marihúana í vörslum hans.

Þess er krafist að framangreind fíkniefni verði gerð upptæk auk 24 stykkja af læknislyfjum, sbr. efnaskrárn. 53542, sem hald var lagt á, með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 (mál nr. 314-2024-945).

III.

Á hendur ákærða Daníel Arnari fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa miðvikudagsmorguninn 5. júní 2024 haft í vörslum sínum 3 ml af kannabisblönduðum vökva sem fannst við leit lögreglu á heimili ákærða að [...].

Í ákæru er þetta talið varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Þess er krafist að vökvinn, sem hald var lagt á, verði gerður upptækur með vísan til 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 (mál nr. 314-2024-1843).

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu mættu báðir við þingfestingu málsins, játuðu brot sín án undandráttar og samþykktu upptökukröfur. Var því farið með málið samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu þegar sækjanda og verjanda ákærðu hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Ákærðu krefjast vægustu refsingar sem lög leyfa og verjandi ákærðu krefst hæfilegrar þóknunar sér til handa.

Með skýlausri játningu ákærðu, sem fær stoð í gögnum málsins, þykir sannað að þeir hafi gerst sekir um þá háttsemi sem þeim er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði Daníel Arnar er fæddur árið [...]. Fyrri sakaferill ákærða hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar í málinu. Þá er horft til skýlausrar játningar ákærða og framkomu hans undir rannsókn málsins en lagt verður til grundvallar að hann hafi af sjálfsdáðum veitt bæði aðstoð og upplýsingar til að upplýsa um brot sín. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að ákærði tók með háttsemi sinni þátt í flutningi umtalsverðs magns ávana- og fíkniefna í sölu- og dreifingarskyni. Með hliðsjón af framangreindu, atvikum málsins og 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða Daníels Arnars hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði X er fæddur árið [...]. Fyrri sakaferill ákærða hefur ekki áhrif við ákvörðun refsingar í málinu. Horft er til skýlausrar játningar ákærða, framkomu hans undir rannsókn málsins og þess að þátt hans í málinu verður að telja minni háttar. Með hliðsjón af framangreindu, atvikum málsins og 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða X hæfilega ákveðin 45 daga fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sæti upptöku ávana- og fíkniefna sem haldlögð voru af lögreglu við rannsókn málsins líkt og nánar greinir í dómsorði.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað málsins, 1.166.805 krónur, með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008. Þar af greiði ákærði Daníel Arnar þóknun skipaðs verjanda síns fyrir dómi og á rannsóknarstigi, Guðmundar Narfa Magnússonar lögmanns

sem þykir hæfilega ákveðin 840.375 krónur, en við ákvörðun hennar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts, ákærði X greiði þóknun skipaðs verjanda síns, sama lögmans, sem þykir hæfilega ákveðin 326.430 krónur, en við ákvörðun hennar hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ekki leiddi annan sakarkostnað af meðferð málsins fyrir dómi.

Kristján Óskar Ásvaldsson saksóknarfulltrúi flutti málið fyrir hönd ákæruvaldsins.

Oddur Þorri Viðarsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Daníel Arnar Einarsson sæti fangelsi í fjóra mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði X sæti fangelsi í 45 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu sæti upptöku á alls 463,22 g af maríhúana, alls 11,79 g af amfetamíni, 132,87 g af kannabislaufum, 46,69 g af kannabisstönglum, 58 stykkjum af Alprazolam krka, einu stykki af Concerta, alls 103 stykkjum af MDMA, 3 stykkjum af Mogadon, 10 stykkjum af Stilnoct, 729,18 g af óskilgreindu efni, 13 stykkjum af óskilgreindum töflum, alls 47 stykkjum af læknislyfjum, 9,87 g af ketamíni og alls 13 ml af kannabisblönduðum vökva.

Ákærði Daníel Arnar greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Narfa Magnússonar lögmans, 840.375 krónur.

Ákærði X greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Narfa Magnússonar lögmans, 326.430 krónur.

Oddur Þorri Viðarsson